




Stutt við stærðfræðiorðaforða

Á heimili

Stærðfræði og heimilið









Lagskipting orðaforða





Námsorðaforði

- Lag 1: Almenn orð sem koma oft fyrir í dæmigerðum samtölum. Börn eru líkleg til þess að læra orðin snemma þar sem þau heyrast oft.
- Lag 2: Millilagið. Mikilvægur orðaforði sem sést yfirleitt bara í ritmáli. Börn læra þennan orðaforða yfirleitt ekki fyrr en þau eru farin að lesa af ráði. Millilagsorðaforðinn ræður miklu um lesskilning.
- Lag 3: Sérstækur og afmarkaður orðaforði. Tengist tilteknu viðfangsefni eða fræðigrein. Heyrist sjaldan í samtölum.

(Beck, McKeown og Omanson, 2013)





Berum saman hluti úr daglegu lífi með því að nota stærðfræðihugtök



*Fleiri / færri
Meira / minna
Stærri / minni
Eldri / yngri
Lengri / styttri
Sterkari / veikari
Þyngri / léttari
Breiðari / mjórri
Ljósari / dekkri*

...






***Hvort eru fleiri fernur
eða flöskur í hillunni?***



**Taktu stærra
smjörstykki.**


Hvort er þyngra?

**Hvort viltu þann ljósari
eða dekkri?**




**Teljum upp og niður,
afturábak og áfram**







Tölum saman um fjölda og magn






**Hvað eigum við
marga tómata?**




**Sjáðu, nú sker ég
þrjár þunnar
sneiðar!**

**Ég ætla að skipta
þessari sneið í
tvo jafna hluta!**






Spáum í mælieiningar og hvað þær eiga að mæla



**Hvað ætli borðið sé breitt?
Hvernig getum við mælt það?**





**Æfum að flokka eftir sérkennum
s.s. tegund, stærð, lögun, lit og
fleiri sérkennum**





**Hvað sérðu marga hunda?
...en ketti?**



Hvað sérðu marga stóra ketti?


Hve margir eru einlitir?




Tölum um lögun hluta í umhverfi okkar og notum sértæk orð sem tengjast formum



*Hæð
Lengd
Hliðar
Horn
Ummál
Þvermál
Hvasst horn
Rétt horn
Gleitt horn
Flatarmál*



*Tvívíð form
Þrívíð form
Rúmmál
Flötur
Yfirborð
Hornasumma*




*Þversnið
Geiri
Armur
Snið
Samsíða
Samhverfa
Hringlaga
Jafnhliða
Jafnarma
...*

Hvað heitir þetta form?

**Hvað er það með mörg horn?
...en hliðar?**

Hvort hornið er hvassara?



Notum orð til að æfa röð aðgerða

Fyrst notarðu
tannþráðinn.

Næst seturðu tannkrem á
tannburstann.

Síðan burstarðu
tennurnar vel og
vandlega.

Að lokum skyrpirðu
tannkreminu í vaskinn.



Nýtum umhverfið til þess að lýsa því sem ber fyrir augum þegar við ferðumst eða göngum um hverfið

Fyrir framan / fyrir aftan

Fyrir utan / fyrir innan

Fyrir ofan / fyrir neðan

Úti / inni

Meðfram, framhjá

Til hægri / til vinstri

Áfram / aftur á bak

Við hliðina á

Undir / yfir

Í miðju

Alveg í byrjun

Lengst út á enda


Lengst til hægri

Lengst til vinstri

Kringum

Yst / innst

Fremst / aftast





Fyrst göngum við **út** innkeyrsluna.
Næst beygjum við **til** vinstri.
Við höldum **áfram framhjá** gula húsinu. Þegar við komum **að** bláa gangbrautaskiltinu **undir** stóra trénu þurfum við **að** stoppa og líta **í kringum** okkur, fyrst **til vinstri**, svo **til hægri** og loks aftur **til vinstri**. Ef það er enginn bíll á leiðinni megum við ganga varlega **yfir** gangbrautina.



Leiðin að skilningi

Þetta orð þýðir! Dæmi: ...

Ég veit hvað þetta orð þýðir - en ég get ekki útskýrt það

Ég hef heyrt þetta orð og held það tengist ...

Ég hef heyrt þetta orð en hef enga hugmynd um hvað það þýðir!

Ég hef aldrei heyrt þetta orð!






Ný orð alla ævi!

Því oftar sem við heyrum orð, þeim mun líkleggra er að við öðlumst betri skilning á orðinu.


Aefingin skapar meistarann

*Til þess að verða betri þarf æfa sig.
Reyna og prófa sig áfram. Finna
leiðina sem hentar best fyrir þig.*

*Það er mikilvægt að hafa í huga að
mistök eru til þess að læra af þeim
og meira að segja misskilningur
getur reynst gagnlegur því hann er
oft minnisstæðari en áreynslulaus
samskipti.*



Innihaldsrík samtöl á öllum tungumálum barnsins styrkja hugtakaskilning þvert á tungumál og auðvelda barninu að læra sama hugtak á öðrum tungumálum.



Veistu hvernig maður segir það á íslensku?

Kanntu að segja það á spænsku?

